

Atlantik
Hildur Katrín Ármannsdóttir
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. janúar 2015
Tilvísun: UST20150100076/mik

Efni: Umsón um leyfi innan Reykjanesfólkvangi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Atlantik ehf., dags. 13. janúar 2015, vegna leyfis til að setja upp færanleg þurrsalerni við Seltún og keyra ca. 71 jeppum í þremur hópum niður í fjöruna við Kleifarvatn og leggja þar þann 27. janúar 2015.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing á verkefni:

Um er að ræða ferð á vegum ferðaskrifstofunnar Atlantik ehf. þar sem farið er með hóp ferðamanna í jeppaferð um Reykjanesfólkvang. Stoppað verður á tveimur stöðum innan fólkvangsins, Seltúni og fjörunni við Indjánhöfða sem er rétt austan við Syðri stapa. Í allt eru þetta 615 manns, farþegar og starfsfólk ferðaskrifstofunnar, á 71 bíl en verður skipt í 3 hópa. Hver hópur stoppar 30 mín. á hverjum stað og aðeins einn hópur í einu á hverjum stað. Við Seltún er óskað eftir því að fá að setja upp 10 þurrsalerni á bílaplani við landvarðahúsið. Salernin eru bundin saman á timburgrind og verða flutt á staðinn af starfsmönnum Gámabjónustunnar kl. 9:00 um morguninn. Salernin verða sótt aftur um kl. 11:00 þegar allir hóparnir eru búnir að koma við á staðnum. Við Indjánhöfða er vegslóði sem óskað er eftir að keyra eftir og verður bílunum lagt á slóðanum. Ekki er þörf á að fara út fyrir slóðann þar sem slóðinn liggur eftir klettabelti og aftur upp á veg.

Áhrifamat:


Umhverfisstofnun metur svo að uppsetning salerna við Seltún muni ekki hafa neikvæð áhrif á svæðið. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, og 4. gr. reglugerðar um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands nr. 528/2005 er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega á Íslandi nema jörð sé frosin og snævi þakin. Samkvæmt veðurspá fyrir Kleifarvatn frá þann 23. janúar fyrir 27. janúar þá er það mat Umhverfisstofnunar að hætta geti skapast á að aukin umferðarpungi um svæðið muni geta haft neikvæð áhrif á það svæði sem óskað er eftir að leggja bílunum á við Indjánhöfða. Samkvæmt 38. gr. laga um náttúruvernd skal óska eftir leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdum þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.


Niðurstaða:

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leiti uppsetningu þurrsalerna við Seltún og lagningu jeppana á slóðanum við Indjánhöfða að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Salernin verði sett upp við Seltún þar sem ekki er hætt á raski á gróðri.
- Staðsetning salerna trufli ekki umferð um svæðið.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan slóðans sem keyrt verður eftir.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt að ferð lokinni.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Atlantik ehf. skal kynna fyrir starfsfólki sínu þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en farið er á svæðið.
- Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með akstrinum við Kleifavatn. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.200 kr./klst.
- Ef eftirlitsaðili Umhverfisstofnunar metur aðstæður þannig að morgni 27. janúar nk. að mikil hætt sé á aksturinn og vera fólks á svæðinu við Indjánhöfða muni valda óásættanlegu raski á svæðinu getur hann gefið frekar fyrirmæli til aðila til að draga úr hættu á álagi á svæðinu.

Virðingarfyllt


Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri